

**Ed.**

**464. Frumvarp til laga**

[284. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—1985.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adamsson, Doris Anita, húsmóðir í Öngulsstaðahreppi, f. 30. mars 1960 í Svíþjóð.
2. Anoruo, Fidelia Emmanuel, verkakona í Reykjavík, f. 12. apríl 1952 í Nígeríu.
3. Ballzus, Claus Carl, verkfræðingur í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Þýskalandi.
4. Belomajova, Tatjana Veselinova, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. mars 1949 í Búlgaríu.
5. Fucci, Cosimo, nemi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 á Ítalíu.
6. Haní, Abdelazíz, iðnnemi í Reykjavík, f. 2. janúar 1954 í Marokkó.
7. Hentze, Artha, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. janúar 1941 í Færeyjum.
8. Hübner, Tryggvi Júlíus, nemi í Kópavogi, f. 11. janúar 1957 í Reykjavík.
9. Kowalk, Bent, verkstjóri í Svalbarðsstrandahreppi, f. 29. september 1962 í Þýskalandi.
10. Lund, Hermod Ingemar Jakob, verkstjóri á Patreksfirði, f. 20. mars 1933 í Noregi.
11. Mileris, Maria Carmen, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 á Spáni.
12. Nilssen, Erna, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 18. ágúst 1948 á Íslandi.
13. Nilssen, Gyða Minny, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 26. apríl 1951 á Íslandi.
14. Popović, Sava, tækniteiknari í Reykjavík, f. 28. október 1945 í Júgóslavíu.
15. Richardson, Paul, kennari í V-Skaftafellssýslu, f. 2. ágúst 1943 í Skotlandi.
16. Smíd, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 6. janúar 1949 í Tékkóslóvakíu.
17. Smídová-Mintcheva, Violeta, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. ágúst 1944 í Búlgaríu.
18. Stupcanu, Ioan, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. október 1948 í Rúmeníu.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim, sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum, með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga, sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir, skal heimilt, til ársloka 1985, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, þó þannig, að umsækjandi nr. 16 fullnægir ekki skilyrðum um dvalartíma fyrir en 10. september 1985 og umsækjandi nr. 17, eiginkona hans, kom ári síðar, en segja má að þau hafi bæði verið í opinberu þjónustustarfi, sem tónlistarkennarar frá komu sinni til landsins; umsækjandi nr. 18 fullnægir skilyrðum 21. ágúst 1985.

Í 2. málsg. 2. greinar er lagt til að tekin verði upp fyrir þá, sem á undangengnu allöngu árabili hefur verið veittur íslenskur ríkisborgararéttur, með skilyrðum um að þeir breyttu nöfnum sínum til íslenskari háttá, heimild til þess að fá þeim nú breytt, ef þeir óska þess fyrir lok þessa árs, þannig að þau samrýmist ákvæðum 1. málsgreinar 2. greinar, sem nú nokkur síðustu ár hafa verið með sama hætti, þannig að ætla má að orðið geti til nokkurrar frambúðar.

Svo sem kunnugt er hafa skilyrði þau, sem sett hafa verið um nafnbreytingu í lögum um veitingu ríkisborgararéttar, breyst í nokkrum áföngum á síðasta áratug, og er lítill vafi á að skilyrðin, eins og þau nú hafa þróast, þykja mun aðgengilegri en þau sem áður giltu. Óvíst er þó hve margir muni nota slíka heimild, en ýmsa kynni hún að setta við þessar breytingar á nafnháttum sínum.